


## Leiðbeiningar fyrir foreldra og nemendur

Leiðsagnarmat gefur aukna möguleika á samstarfi nemenda, foreldra og skóla við markmiðssetningu og mat á stöðu og líðan nemenda. Þátttaka nemandans felur í sér að íhuga, meta og skrá eigin árangur og líðan.

Matið fer fram á svæði foreldra eða nemenda á Mentor.is. Foreldrar geta nálgast lykilorð barna sinna á fremsta flípa nemendaspjaldsins þegar þeir hafa skráð sig inn í kerfið.


### Hvernig finna foreldrar lykilorð barnanna sinna?

1. Foreldrar skrá sig inn á Mentor.is með kennitölunni sinni og lykilorði. Þeir sem ekki hafa lykilorð geta farið á [www.mentor.is](http://www.mentor.is) og smellt á *Gleymt lykilorð*.
2. Smellt er á á flípann *Almennar upplýsingar* á nemendaspjaldinu. Hægra megin á spjaldinu sést þá lykilorð nemandans.



Ef foreldrar hafa ekki lykilorð að Mentor geta þeir farið inn á [www.mentor.is](http://www.mentor.is) og smellt á *Gleymt lykilorð*.

### Hvernig fer matið fram?


1. Nemandinn (sjálfur eða með aðstoð foreldra) skráir sig inn í kerfið með kennitölunni sinni og lykilorði.
2. Smellt er á *Leiðsagnarmat* vinstra megin á skjánum.
3. Til að skrá á matsblaðið er smellt á merkið  .
4. Í fyrsta hluta matsblaðsins er námsframmistaða metin út frá nokkrum þáttum með mismunandi matstáknum. Smellt er einu sinni í reit til að fá fyrsta táknið, aftur til að fá það næsta og svo koll af kolli. Skráð er athugasemd ef við á í textareit aftan við námsgreinar. Munið að smella á **vista** eða **uppfæra** með reglulegu millibili til þess að vista það sem þið hafið skráð.

Námsframmistaða	Skilningur	Athugi	Vinnusemi
Myndmennt	Nemandi		
Tónmennt	Nemandi		
Íþróttir	Nemandi		
Stærðfræði	Nemandi		
Enska	Nemandi		
Íslenska	Nemandi		

✓ Til fyrirmyndar   
○ Góð framvinda   
✂ Þarf að taka sig á   
✗ Þarfnast verulegra úrbóta

- Spurningum eða fullyrðingum er svarað í samfelldu máli í næsta hluta með því að skrá í textareiti. Smellið í svarreitinn, þá birtist bendillinn og þið getið skráð svarið.
- Í þriðja hluta er metið með sama hætti og í fyrsta hluta líðan, skipulag, stundvísi, hegðun og heimanám. Hægt er að skrá athugasemdir aftan við hverja setningu.
- Ath!** Munið að smella á *Skrá* efst eða neðst á skjánum þegar mati er lokið eða **helst eftir hvern hluta fyrir sig** til að vista skráninguna.

### Hversu lengi er matið opið og hvað gerist eftir að því er lokað?

Dagsetningar við Leiðsagnarmat sýna hversu lengi matið er opið til skráningar. Eftir að skráningu er lokið getur kennari birt sitt mat á sömu þáttum á svæði nemandans. Til að nálgast mat kennara smella nemendur og foreldrar á merkið  við Leiðsagnarmatið. Þá sjá þau bæði mat nemandans og kennarans á einu yfirlitsblaði og geta nýtt sér það til undirbúnings fyrir t.d. foreldraviðtal.

Gangi ykkur vel